



Utanríkisráðherra - Bréfa- og málasafn Júlí 1947 - ágúst 1949.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Bréf - Aide-Memorie, 14. september 1947 - A.L.H. Elmquist - Edward Campion Acheson - Eggert Stefánsson - K. Bögholm - Magnús Sigurðsson - Thor Thors - Sveinn Benediktsson - Sendiráð Íslands Washington, 20. ágúst 1947 (vantar öftustu síðuna.)

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-10, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. ágúst 1947.

Kæri vinur,

Ég þakka þér fyrir samvistirnar í sumar, fyrir bréfin sem ég hefi fengið frá þér og allt gamalt og gott.

Í sumar minntist ég á, að íhugunarvert væri, hvort við ættum að taka upp í U.N. óskir okkar um stækkun landhelginnar í einhverju formi. Ég hefi nú gert ráðstafanir til þess að þú fengir senda álitagerð þjóðréttarfræðings okkar, Hans Andersens, um þetta mál. En hún er að vísu heldur niðurstöðulítil eins og gengur en þó greinargott yfirlit til að átta sig á málinu.

Sjálfum sýnist mér vanlegast að fara þess hið fyrsta á leit við Breta, að samningar milli ríkjanna verði teknir til endurskoðunar og þá einkum landhelgissmaningurinn, og ef sú endurskoðun leiðir ekki til fljótrar niðurstöðu, segja samningnum þá upp. Fyrr en þetta hefur verið gert sýnist mér hæpið, að taka málið upp í U.N. eða setja um það einhliða löggjöf, þó að með fyrirvara sé, eins og komið hefir fram tillaga um hér. En um endurskoðun samninganna við Breta var sá fyrirvari beinlínis hafður á, eftir lýðveldisstofnunina, að Íslendingar myndu óska endurskoðunar innan þriggja ára, en þau eru ekki liðin enn, þ.e. frá því að fyrirvarinn var settur.

Ég vil nú biðja þig um að íhuga þetta mál allt og þar sem dráttur hefir orðið vegna margvíslegra anna hér, að málinu væri sinnt sem skyldi, væri mér ljúft ef þú

Herra sendiherra Thor Thors,

Sendiráð Íslands,

vildir nið fyrsta láta mig vita, hvað þér sýnist tiltakilegt þaræð ég verð, áður en langt um líður, að ákveða hverja stefnu skuli velja.

Um undirbúning U.N. fundarins í haust hefur annars lítið verið rætt enn. En fyrir skömmu kom hingað boð til utanríkisráðherra um að mæta á fundi í Kaupmannahöfn 27. til 28. ágúst ásamt utanríkisráðherrum Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs, til að ræða um undirbúning þessa fundar.

Ríkisstjórninni þótti einsætt að taka boðinu og hefur það nú þegar verið gert og geri ég þá ráð fyrir, að skreppa út. Ef þú vildir koma að sérstökum skoðunum til athugunar fyrir þenna fund, væri því gott að heyra það fyrir þann tíma.

Sjálfsgagt verður árangur þessarar samkomu ekki mikill, en úr því að okkur var boðið að senda þangað fulltrúa, var ekki annars kostur en að þiggja það.

Um komu Achesons sendi ég þér skeyti í gær í samráði við Jóhann Jósefsson. Þá hefi ég einnig gert ráðstafanir til að þér verði sent afrit af Aide Memoire, sem hann sendi okkur um viðræður sínar við okkur. Af því getur þú áttað þig á málinu og hygg ég að ekkert er þýðingu hafi, hafi komið fram í því af hans hendi annað en þar er tekið fram.

Því er ekki að neita, að hér er um mikið mál að ræða og ærið vandasant fyrir okkur. Við brýndum það mjög fyrir Acheson, að okkur skorti ekki vilja á samvinnu um þessi efni. Eina spurningin væri um getuna. Hann fékkst ekki til að nefna hversu mikill hluti fiskeins yrði greiddur þegar í stað, sagði það ekki enn ákveðið til fulls og fara eftir ýmsum atriðum, maa. því, hversu mikið væri hægt að auka framleiðslu og annað slíkt.

Þó talaði hann um, að greiðsla nú þegar yrði metin í hlutfalli við kaloriufjölda í fiski samanborið við kaloriufjölda í hveiti og annari slíkri matvöru og skildi st

okkur helst, að peningagreiðsla yrði í kringum einn þriðja (30%) og hitt attum við að eiga hjá Þjóðverjum, ábyrgðarlausast af Bandamanna hálfu, þangað til útflutningur Þjóðverja yrði svo mikill, að hann færi fram úr innflutning, þ.e. öðrum innflutningi en matvörum þeim, er Bandamenn láta nú þangað í té.

Acheson talaði um, að séð yrði fyrir því að við fengjum svo mikið greitt, að við gætum borgað aukna erlenda gjaldeyriseyðslu okkar af þessum sökum, en þá virtist okkur hann ekki taka nægilegt tillit til þess, að Íslendingar þurfa að flytja meginhlutan af þörfum sínum inn og það eru ekki einungis kol, veiðarferi, yfirhafnarföt sjómanna og annað slíkt, sem veldur gjaldeyriseyðslunni, heldur einnig mestur hluti af lífsþörfum sjómanna og verkamanna þeirra, er vinna við framleiðslu fiskjarins. Að þessu leyti er auðvitað afstaða Íslands gerólík þeirra landa, sem að mestu leyti lifa á eigin framleiðslu, flytja ekki inn nema lítinn hluta af þörfum sínum og heldur ekki út nema tiltölulega lítið af framleiðslu sinni og munar þá heldur ekki um, þó að einhver hluti hennar sé látinn af hendi gegn óvissri greiðslu.

Hinsvegar getur svo farið með þeirri óvissu, sem er um öll viðskipti, að Íslendingar hefðu hug á, eða beina þörf fyrir, að selja mjög mikinn hluta framleiðslu sinnar til Þýskalands, og er þá ljóst að þeim kæmi mjög illa ef aðeins lítill hluti hennar yrði greiddur. Svarið við þessu er auðvitað það, að ef Íslendingar vilja ekki samþykkja þessi kjör, þá muni þeir ekkert geta selt þangað og þá verður hlutur þeirra ennþá verri.

Af þessu kemur einmitt vandinn, sá vandi, sem við höfum ekki ennþá áttað okkur á, hvernig leysa skuli. Við munum nú íhuga allt þetta mál með beztu manna ráði, reyna eftir föngum að hafa áttað okkur á því, þegar Acheson

kemur aftur, ef hann þá kemur.

Annars varð nokkur dráttur á komu Achesons hingað. Fyrst var búið að tilkynna að hann kæmi hingað hinn 17. og mundi dvelja einn, tvo eða þrjá daga. Fyrst nokkrum dögum síðar kom tilkynning um, að þessu hefði verið frestað, og er hann kom þann 28., sagði hann, að það hefði verið vegna þess, að hann vildi ekki trufla norsku heim-sóknina, sem einmitt var um svipað leyti og fyrst var ráð-gert að hann kæmi. Hvað sem um það er, hafði hann ferð til Hollands og Belgíu áður en hingað kom. Lét svo sem hann hefði fengið þar samleg svör, en stjórnirnar væru þó að íhuga tillögur hans, og hefðu ekki tekið endanlega af-stöðu til þeirra.

Hingað kom hann sem sagt hinn 28. Óvissa var nokkur um hvaða dag hann kæmi, og var ég því ekki í þænum þann dag, hafði skroppið til fundarhalds norður til Akur-eyrar, en hann hittir strax fyrsta daginn Jóhann Jósefsson, ráðherra fiskimálanna, og skipaði Jóhann þá fjóra menn til að ræða við hann sérstaklega, þá Björn Ólafsson, sem áður hafði farið til Þýskalands og ráðgert var að fari þangað aftur ef til kæmi, Kristján Einarsson, Hafstein Bergþór-son og Kjartan bróður þinn.

Ásamt Acheson voru tveir menn, Johnston, enskur, yfirmaður fiskkaupa í Þýskalandi, og amerískur colonel, sem ég man ekki hvað heitir, enda mætti hann ekki á fundum. Daginn eftir að þeir komu hafði ég cocktail-boð fyrir þá ásamt ríkisstjórninni, viðtalsmönnum, samninganefnd utan-ríkisviðskipta og nokkrum öðrum, og fór það allt skaplega fram. Lét Mr. Trimble uppi við mig, að ef til vill mundu verða keyptur fiskur til Grikklands fyrir miljónarfjórðung dollara þá þegar og síðar eitthvað meira, allt upp í miljón dollara, þegar þeir komu aftur.

Ég lét nú hverkslega uppi við Trimble, að mér

þætti þetta naumast til skiptanna og kommúnistar mundu segja sem svo, að ólíkt væri við þessa aðila að eiga; Rússar gerðu við okkur samning fyrir nærri 100 miljónir, Bandaríkjamenn keyptu fyrir röska 1 miljón íslenskra króna. Mr. Trimble sagði, að þetta væri aðeins byrjunin og gat ég ekki frekar um fengist, en hann heyrði greinilega álit mitt.

Daginn eftir setti svo Acheson Johnston þennan til að semja við nefni Björns Ólafssonar um þessi fiskkaup og talaði hann þá enn um fjórðung miljónar dollara, en af einhverjum ástæðum fóru þar viðráður út um þúfur, án þess að til endanlegrar niðurstöðu kæmi. Segja Íslenzku samningamennirnir að það hafi verið vegna þess, að Johnston hafi ekki vitað hverskonar fisk hann ætti að kaupa, og yfirleitt verið nokkut úti á þekju um þessi kaup, þó hann að öðru leyti væri mikill sérfræðingur í þessum málum. Trimble virtist aftur á móti halda, að við hefðum heimtað svo hátt verð, að þessvegna hefði ekki gengið saman.

Samtímis sem viðráðurnar um þau fiskkaup áttu sér stað, var Acheson ásamt Trimble á fundi með okkur í ríkisstjórninni, að raða málið í heild og lét þá einnig svo sem hann hefði mælt fyrir um þessi ákveðnu kaup, og lét Jóhann Jósefsson uppi, að okkur þætti þau nokkuð lítil; kvað okkur hafa haft ástæðu til að átla, að keypt yrði fyrir eina milljón dollara og gekk nokkuð fast fram í því. Hinn vék sér undan og kvað þetta allt nokkuð verða komið undir því, hvernig heildarsamningar tækjust. Það fór þá svo, að þessi kaup fóru alveg út um þúfur í billi a.m.k., án þess að þeir Acheson og Johnston bæru frekar ráð sín saman.

Því er ekki að neita, að þessi niðurstaðaólíli mönnum nokkurra vonbrigða, ekki sízt þar sem menn gera sér ekki alveg ljósa ástæðuna til hennar. Þar við þætist svo, að Bandaríkjamenn hafa, eins og ég símaði, talið þýðingarlaust

fyrir okkur að taka upp samninga við Ausenhandelskontor í Bremen, sem vildi semja um kaup á togarafiski gegn helmingi dollaragreiðslu þegar í stað og vörugreiðslu á afganginum á næstu tveim, þremur árum. Ennfremur telur Jóhann Jósefsson, að ástæðan fyrir því, að hinn danski fisk-kaupmaður, sem hér var í vor, Jespersen, hefur ekki getað keypt öll þau 4500 tonn af saltfiski, sem hann hafði samið um, heldur aðeins 3000 tonn, sé sú, að Bandaríkjamenn hafi þar staðið í vegi. Þar sem þessi fiskur átti hinsvegar að fara inn á frenska hernámssvæðið sýnist mér óvissara, að Bandaríkjamenn eigi hér hlut að máli. Þó er haft eftir Johnston þeim, sem með Acheson var, að ekki væri óhugsandi að eitthvað samráð hefði verið haft við allsherjarhernaðarvöldin um þetta mál.

Eftirtektarvert er hitt, sem Johnston þessi sagði, m.a. við mig, að hann hefði undanfarin ár keypt mjög mikinn fisk til Þýskalands, enda haft þá næga peninga, en aldrei leitað til Íslands, að vísu vegna þess að honum hafi verið sagt, að Íslendingar hefðu nóg markaði og fengju svo hátt verð fyrir sinn fisk. En þetta var á sama tíma, sem Bandaríkjamenn sögðu, að enginn fiskur væri keyptur til Þýskaland. Kann það þó að hafa staðist, vegna þess, að sennilega hefur Johnston einungis verið fyrir brezka hernámssvæðið áður en sameiningin átti sér stað, og er kominn í sameiginlega þjónustu beggja fyrst við sameininguna. Ekki kom þó þetta fram í viðtali við hann, en mér þykir það sennileg skýring.

En allt ber þetta að einum brunni. Bandaríkjamenn hafa við okkur mjög góð orð og eru áreiðanlega fullir velvilja í okkar garð, en þegar að ákveðnum framkvæmdum kemur, verður oft harla lítið úr og er þá ýmislegt borið fyrir.

Í þessu tilfelli er áreiðanlega ástæðulaust að bera mismunandi verðhugmyndir fyrir, því að samtölum var ekki einu sinni komið svo langt og okkur er ljóst, að ekki tjáir

að ætla að selja vöruna yfir markaðsverði. Hitt er eðlilegt, að farið væri fram á fyrir fisk til Grikklands hið sama íns og áður hefði verið selt fyrir til þess sama lands. Úr þessu rætist ef til vill öllu þegar Acheson kemur aftur, ef hann þá kemur, og ef við getum fallist á megin tillögur hans, sem hann gaf í skyn að mundu verða skilyrði af sinni hálfu fyrir öðrum fiskkaupum.

En rétt er að taka það fram, að viðræður okkar við Acheson fóru fram með hinum mesta velvilja af okkar hálfu og hann lét hið bezta yfir móttöku okkar og vinsemi þeirri, sem hann hefði átt að meta.

Auk cocktails-boðsins höfðum við útvegað honum aðstöðu til veiði en það gat hann ekki þegið vegna þess, hversu skjótt hann fór aftur, og ef hann hefði dvalið lengur mundum við eitthvað meira hafa gert honum til ánægju.

Nú kann að vera, að honum hafi verið öðruvísi innanbrjósts en hann lét uppi við okkur, þó að mér sýnist hann ekki hafa haft til þess ástæðu, því að við létum ótvírætt uppi við hann vilja okkar til samkomulags um Þýskalandsmálin. Hið eina sem ástæði þar, væri geta okkar. Við munum nú láta athuga mál þetta frá öllum hliðum, en því miður sýnist mér vera á því töluverðir annmarkar, að Ísland geti fjárhagslega staðið undir þessari ráðagerð.

Óákveðin ummæli um, að Ísland muni ef til vill geta fengið lán úr Alþjóðabankanum sér til hjálpar eða eitthvað fé fáið úr Marshallplaninu, sem þó var lítt gefið í skyn, jafnvel þó mikið væri um Marshallplanið talað, er hins vegar ekki nóg til þess að við getum sinnt þessu á þann veg, að öðrum og sjálfum okkur komi að verulegu gagni.

Mikið er þó sjálfsagt til í því, sem Richard bróðir þinn benti á á fundi hér, að aðalgaldurinn sé að fá markað fyrir fiskinn, að losna við hann, því að ef það tækist, þá muni með einhverju móti vera hægt að knýja út greiðslu fyrir hann síðar. Þá möguleika þekkir þú samt betur en

við og veri þessvegna mjög gott að fá álit þitt um það, sem málið í heild, og þessvegna skrifa ég þér þetta bréf nú þegar.

Því miður hefi ég verið truflaður hvað eftir annað í samning bréfsins og hef þessvegna ekki getað haft það svo skipulegt eða ítarlegt og é vildi, en ovna samt að þú fái nokkra hugmynd um stöðu okkar og vanda af því, sem ég hefi nú sagt. Ef þú villt fá frekari upplýsingar getur þú sent skeyti eða talað við mig í síma, ég verð viðloðandi í þessum næstu daga og við ættum auðveldlega að geta náð saman. Að öðru leyti er lítið að fréttu. Heimsóknir þær, fundir og hátíðahöld, sem verið hafa undanfarið, hefur allt tekist skaplega þó að nokkuð mikinn tíma hafi tekið. Nú er Kaufmann kominn og reynum við að gera honum allt til samdar, sem unnt er.

Þú áttir kollgátuna að því, að ver fór í Skafta-fellessýslu en skyldi og voru það slær vonbrigði.

Um síldina er það svo, að nokkur reitingur hefur verið og talsverður á stundum en ekki nógu mikill til þess að menn geti verið ánægðir. Er nú allt undir því komið, hvernig til tekst fyrirhlutann í þessum mánuði.

Að svo meltu kveð ég með bestu óskum til handa þér og þínu fólki.

er Alþingi. Velti mér, og sem hér
er hægt að lifa af meðasta mætti,
þessan...

Þessi Lyðveldið getur fætt og
þetta allar lýðum sem ekki
vildi það, ekki Lyðveldið
að láta ómenškuna, sem soona
oreiða er, bytna á þeim sem
óskudu það, og vildi það --
Jeg skora á drengskap þinu að
spáum að jeg fái þetta yfir-
þak, og taka þú að laun min
komið mér til handa...

Ef þú vildir láta telegraphera mér
að þetta veldi geti og jeg þu
þakklaður...

Með bestu þveggjum

þínu

Eggert Stefánsson



20. ágúst, 1947.

Herra utanríkisráðherra
Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Kæri vinur:

Pakka þitt ítarlega bréf frá 1. ágúst.

Strax og eg fékk skeyti þitt frá 1. ágúst um komu Dr. Acheson átti eg tal við Mr. Morgan, sem nú er forstjóri Norður-Evrópu deildarinnar í State Department eftir brottför Mr. Cumming. Því er ekki að neita, að mér varð mikil vonbrigði af þessu skeyti, og fékk eg það hugboð, að Dr. Acheson hefði verið að reyna að vera "smart". Eg sagði Mr. Morgan það afdráttarlaust, að ef við sttum að selja þeim fisk fyrir 250 þúsund dollara aðeins, þá efast eg um það, að íslenska ríkisstjórnin teldi sig hafa ráð á því að þiggja þessa raun Bandaríkjana. Eg minnti hann á, að hann hefði sagt mér, að Acheson stti að kaupa fyrir eina milljón dollara. Þetta hefði eg símað heim til Íslands og veri þvi auðvelt að myndu sér hveru óheppileg áhrif það hefði ef Dr. Acheson stlaði nú að klípa 3/4 af upphæðinni. Morgan sagði að State Department vissi ekki annað en að Acheson hefði verið fyrirlagt að kaupa fyrir eina milljón dollara til Grikklands. Það hefði heldur ekkert verið talað um það að setja stti nokkur skilyrði fyrir þessum kaupum. Lofaði Morgan að rannsaka þetta mál og endurtók það, State Department væri mjög umhugað, að fór Dr. A. bæri þann árangur, að Íslendingar yrðu ánægðir. Eins og eg símaði þér sandagurs, kvaðst State Department vera ókunnugt um fiskkaup til franska svæðisins í Þýskalandi og endurtók það, að Aussemhandel væri óheimilt að semja um nokkur innkaup til Þýskalands, og hefðu þeir eftir að eg minntist á slík kaup við þá fyrir nokkru,

fengið þau svör frá Aussehandlun, að þeir hefðu enga tilraun gert til að kaupa fisk frá Íslandi, en hinsvegar mundu einstakir kaupmenn hafa verið þar að verki án heimildar og í ábyrgðarleyfi. Samtal okkar Mr. Morgan var vingjarnlegt, en eg lét hann fyllilega skilja það, að sambúð okkar og viðskipti við Bandaríkin geti ekki byggt til lengdar á vonbrigðum einum af okkar hendi. Það gleður mig að sjá af bréfi þínu, sem þú hefir skrifað sama dag, að þú ert alveg á sömu skoðun og eg, og óþolinnaði þín, að því er varðar vini vora, virðist líka vera farin að runka. Eg álit, að þeir hafi gott af að heyra þetta og vita. Mr. Morgan bað um memorandum út af viðtali okkar og sendi eg honum það samdags eins og hjálögð afrit sýna.

Nokkru síðar frétti eg gegnum State Department, að Canada hefði lofað að gefa samtals 20 milljónir dollara til hjálpar nauðstöddum þjóðum, enda væru 8 milljónir af því fiskur, sem þá líklega væru sendur til Grikklands og Ítalíu. Þessi miskunsemi Canada stjórnar hlýtur að torvelða sölu okkar til þessara sömu landa.

Hinn 4. ágúst sendi State Department mér memorandum út af skýrslu Dr. Acheson um viðræður hans á Íslandi. Sendist það hér með í afriti. Eg hefði öðru hvoru talað í sína við Mr. Morgan og spurt hvort nokkuð nýtt væri að fréttu, en ekkert virðist hafa skeð. Í gær átti eg samtali við Morgan og skýrði hann mér þá frá því, að fulltrúi frá Department of Agriculture, Mr. Tyson, mundi fara til Íslands næstu daga til að vera Dr. Acheson til aðstoðar við fiskkaupin. Mr. Tyson væri sérfræðingur í fiskimálum. Þetta virðist enn á ný benda til þess að full alvara sé um fiskkaupin, en það er ekki búist við því, að Dr. Acheson geti komið til Íslands fyrr en eftir 26. ágúst. Vonandi verður þú kominn heim frá Danmerkurför þinni áður en Acheson fer frá Íslandi. Í síðasta samtali var Morgan vongóður um það, að við yrðum ánægðir með sendiför Dr. Acheson, en eg benti honum á, að í fyrsta lagi

þyrfti að afgreiða þessi milljón dollara kaup, en hvað stóra planinu um Þýskalandsölu viðvikur, þá verum við að vísu allir af vilja gerðir, en við yrðum að fá erlendan gjaldþyri fyrir útflutning okkar, því að annars hefðum við ekkert til að lifa á. Það gegndi allt öðru máli með Danmörku og Svíþjóð, sem voru engar sérstakar fiskiveiðarþjóðir, og jafnvel Noregur hefði svo margar aðrar tekjulindir en fiskiveiðar. Þessvegna gerðum við okkur vonir um það, að stjórn Bandaríkjanna liti sérstaklega á okkar þarfir og ventum þess, að leið yrði fundin til að við fengjum fiskinn greiddan nokkurn veginn jafnóðum fyrir atbeina Bandaríkjanna, eða ef annað reyndist ókleift, að lán fengist þá, er svaraði andvirði fiskisins. Það mætti athuga hvort stjórn Bandaríkjanna geti ekki greitt fiskinn að fullu og þett skuld Þjóðverjanna við skaðabótakröfurnar, sem Bandaríkin eiga óinnheimtar hjá Þjóðverjum. Eg endurtók við Morgan á vingjarnlegasta hátt, að stjórn Bandaríkjanna mætti ekki valda okkur vonbrigðum.

Eg ventí þess, að eg verði látinn fylgjast með í því sem gjörist heima eftir komu Dr. Acheson, svo að eg geti reynt að hafa áhrif á gang málsins í gegnum State Department ef illa skyldi horfa í viðræðum við Dr. A. Þess skal að lokum getið, að State Department kannaðist ekki við, að Acheson hefði gjört ennþá nokkur kaup í Svíþjóð og Noregi þrátt fyrir blaðsammali þar að lútandi. Annars sagði Mr. Morgan, að það væri orðfæst við þessi viðskipti, að það væru svo margar aðilar innan stjórns- ar U.S.A. og Bretlands, sem öttu að fjalla um þau, og væri því stundum svo, að einn aðilinn vissi ekki hvað hinn gerði.

United Nations:

Það gleður mig að Norðurlönd hafa loksins séð söma sinn í því að bjóða utanríkisráðsherra Íslands að vera með í ráðum um frankomu Norðurlandanna á Assembly S.P., og er það sjálfsgætt, að þú mætir á fundinum í Kaupmannahöfn 27. og 28. ágúst. Þú spyrð mig hvort eg vilji koma að nokkrum skoðunum

varðandi málin, sem koma upp á þingi B. P. Pessi atriði er helzt athugunarvert:

1. Kosning forseta hinsins: Eg tel ekki að Norðurlönd hafi neina möguleika til að fá forseta kosinn úr sínum hópi, og fyndist mér eskilegast, að við kysum ennashvort Spak, ef hann ætíð, eða Pearson frá Canada ef þess er kostur.
2. Nefndarformann: Nefndirnar eru 6, og tel eg sennilegt, að Norðurlöndin getu fengið kosinn formann í eina nefndina. Sve var á Palestínu ráðstefnunni, er fulltrúi Svía, Eriksson sendiherra, var kosinn formaður einnar nefndarinnar.
3. Eru það nokkur sérstök mál, sem Ísland eða öll Norðurlöndin sameiginlega óska að fá tekin á dagskrá?
4. Spánn: Þetta mál kemur upp að nýju, og tel eg sem fyrr, að þýðingarlaust sé að samþykkja "economic sanctions" nema að allar hlóðir lofi að fara eftir því.
5. Indverjar í Súður-Afríku: Þar tel eg, að við eigum að fylgja manndæðisliðinni, eftir því sem málið kann að liggja fyrir.
6. Palestína: Þetta verður eitt versta viðfangsefnið því að vitað er, að rannsóknarnefndin er klofin. Heiri hlutinn mun mæla með skiptingu landsins í tvö ríki, og sýnist mér það vera skynsamlegasta lausnin, enda þótt Arabar hóti styrjöld ef taka á frá þeim eitthvað af landi því, sem þeir telja sig eina eiga.
7. Veto: Breyting á því er ófrankvæmanleg, þar sem stórveldin sjálf hafa veto um nokkrar breytingar og vitað er, að Ráðsarr sleppa aldrei þessum rétti.
8. Kosning 3ja hlóða í Security Council: Ástralía, Brazílía og Pólland eiga að ganga út. Líklega er útilekað, að Norðurlöndin komist þar að. Brezku samveldislöndin munu heimta sæti Ástralíu, Súður-Ameríka heimtar sæti Brazílíu, og rússnesku leppríkin sæti Póllands.

9. Trusteeship Council: Þar á að bota við tveimur, og ekki ósemnilegt að Danmörk óski að komast inn vegna Grænlands.

10. Security Council: Þar á að kjósa 6, og á Noregur að ganga út. Norðurlöndin eiga því ráð á þessu sæti, og þýst eg við, að bæði Svíþjóð og Danmörk hafi ágirnd á því. Ékki veit eg hvort við höfum nokkurn mann, er við mundum óska sterklega að koma þar að.

11. Ísasar nefndarkosningar innan United Nations: Þar geti komið til mála, að Ísland hafi einhverstatar manni að.

Út af öllum þessum kosningum tel eg að vel fari á því, að Norðurlöndunum yrði sagt, að ef Ísland eigi að hafa samvinnu við þau innan S. P., þá sé það fyrsta skilyrðið, að við höfum jafnan rétt við þau um val okkar manna í ráðum og nefndum, hvernar sem við óskum þess. Það verður því að vera regla, að öll störf og stöður sé skipt jafnt í fjóra hluta. Um heildar afstöðu okkar er það skoðun mín, að við viljum forðast að vera álitnir tilheyrja ákveðinni blokk, og að það sé ljóst, að afstaða okkar í einstökum stórmálum geti, vegna legu landsins og sérstakra hagsmuna, verið önnur en hinna Norðurlandanna. Einkum getur þetta orðið ljóst í ágreiningsmálum milli Bandaríkjana og Rússa.

Eg minnst á þetta allt vegna fyrirspurnar þinnar, en ekki vegna þess, að eg haldi að þér sé ekki fullkomlega ljóst hvernig landið liggur, og hver afstaða okkar hljóti að verða. Eg vona að þú sendir mér skýrslu um það, sem fram fer á fundinum, svo að einnig eg viti hvernig haga á málum á þinginu. Það er annars bráðnauðsynlegt að fara að tilkynna hverjir verða fulltrúar okkar, því að annars verður erfitt að útvega flugfar og hótélherbergi í New York. Um þetta símaði eg þér í dag.

Mér væri einnig mjög kærkomið að fá strax að vita hvernig þið hafið gjört upp reikningana vegna þátttöku í þingi S. P. s.l. vetur, þar sem eg þarf að gjöra upp mína reikninga

LEGATION OF ICELAND
WASHINGTON 6, D. C.

20. ágúst, 1947.

Herra utanríkisráðherra
Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Kæri vinur:

Pakka þitt ítarlega bréf frá 1. ágúst.

Strax og eg fékk skeyti þitt frá 1. ágúst um komu Dr. Acheson átti eg tal við Mr. Morgan, sem nú er forstjóri Norður-Evrópu deildarinnar í State Department eftir brottför Mr. Cumming. Því er ekki að neita, að mér varð mikil vonbrigði af þessu skeyti, og fékk eg það hugboð, að Dr. Acheson hefði verið að reyna að vera "smart". Eg sagði Mr. Morgan það afdráttarlaust, að ef við ættum að selja þeim fisk fyrir 250 þúsund dollara aðeins, þá efaðist eg um það, að íslenzka ríkisstjórnin teldi sig hafa ráð á því að þiggja þessa rausn Bandaríkjanna. Eg minnti hann á, að hann hefði sagt mér, að Acheson ætti að kaupa fyrir eina milljón dollara. Þetta hefði eg símað heim til Íslands og væri því auðvelt að ímynda sér hversu óheppileg áhrif það hefði ef Dr. Acheson ætlaði nú að klípa 3/4 af upphæðinni. Morgan sagði að State Department vissi ekki annað en að Acheson hefði verið fyrirlagt að kaupa fyrir eina milljón dollara til Grikklands. Það hefði heldur ekkert verið talað um það að setja átti nokkur skilyrði fyrir þessum kaupum. Lofaði Morgan að rannsaka þetta mál og endurtók það, að State Department væri mjög umhugað, að för Dr. A. bæri þann árangur, að Íslendingar yrðu ánægðir. Eins og eg símaði þér samdægurs, kvaðst State Department vera ókunnugt um fiskkaup til franska svæðisins í Þýzkalandi og endurtók það, að Aussemhandel væri óheimilt að semja um nokkur innkaup til Þýzklands, og hefðu þeir eftir að eg minntist á slík kaup við þá fyrir nokkru,

fengið þau svör frá Aussemhandel, að þeir hefðu enga tilraun gert til að kaupa fisk frá Íslandi, en hinsvegar mundu einstakir kaupmenn hafa verið þar að verki án heimildar og í ábyrgðarleysi. Samtal okkar Mr. Morgan var vingjarnlegt, en eg lét hann fyllilega skilja það, að sambúð okkar og viðskipti við Bandaríkin gæti ekki byggst til lengdar á vonbrigðum einum af okkar hendi. Það gleður mig að sjá af bréfi þínu, sem þú hefir skrifað sama dag, að þú ert alveg á sömu skoðun og eg, og óþolinmæði þín, að því er varðar vini vora, virðist líka vera farin að rumska. Eg álit, að þeir hafi gott af að heyra þetta og vita. Mr. Morgan bað um memorandum út af viðtali okkar og sendi eg honum það samdægurs eins og hjálögð afrit sýna.

Nokkru síðar frétti eg gegnum State Department, að Canada hefði lofað að gefa samtals 20 milljónir dollara til hjálpar nauðstöddum þjóðum, enda væru 8 milljónir af því fiskur, sem þá líklega verður sendur til Grikklands og Ítalíu. Þessi miskunsemi Canada stjórnar hlýtur að torvelða sölu okkar til þessara sömu landa.

Hinn 4. ágúst sendi State Department mér memorandum út af skýrslu Dr. Acheson um viðræður hans á Íslandi. Sendist það hér með í afriti. Eg hefi öðru hvoru talað í síma við Mr. Morgan og spurt hvort nokkuð nýtt væri að fréttu, en ekkert virðist hafa skeð. Í gær átti eg samtal við Morgan og skýrði hann mér þá frá því, að fulltrúi frá Department of Agriculture, Mr. Tyson, mundi fara til Íslands næstu daga til að vera Dr. Acheson til aðstoðar við fiskkaupin. Mr. Tyson væri sérfræðingur í fiskimálum. Þetta virðist enn á ný benda til þess að full alvara sé um fiskkaupin, en það er ekki búist við því, að Dr. Acheson geti komið til Íslands fyrr en eftir 26. ágúst. Vonandi verður þú kominn heim úr Danmerkurför þinni áður en Acheson fer frá Íslandi. Í síðasta samtali var Morgan vongóður um það, að við yrðum ánægðir með sendiför Dr. Acheson, en eg benti honum á, að í fyrsta lagi

þyrfti að afgreiða þessi milljón dollara kaup, en hvað stóra planinu um Þýzkalandsölu viðvíkur, þá værum við að vísu allir af vilja gerðir, en við yrðum að fá erlendan gjaldeyri fyrir útflutning okkar, því að annars hefðum við ekkert til að lifa á. Það gegndi allt öðru máli með Danmörku og Svíþjóð, sem væru engar sérstakar fiskiveiðabjóðir, og jafnvel Noregur hefði svo margar aðrar tekjulindir en fiskiveiðar. Þessvegna gerðum við okkur vonir um það, að stjórn Bandaríkjanna liti sérstaklega á okkar þarfir og væntum þess, að leið yrði fundin til að við fengjum fiskinn greiddan nokkurn veginn jafnóðum fyrir atbeina Bandaríkjanna, eða ef annað reyndist ókleift, að lán fengist þá, er svaraði andvirði fisksins. Það mætti athuga hvort stjórn Bandaríkjanna gæti ekki greitt fiskinn að fullu og bætt skuld Þjóðverjanna við skaðabótakröfurnar, sem Bandaríkin eiga óinnheimtar hjá Þjóðverjum. Eg endurtók við Morgan á vingjarnlegasta hátt, að stjórn Bandaríkjanna mætti ekki valda okkur vonbrigðum.

Eg vænti þess, að eg verði látinn fylgjast með í því sem gjörist heima eftir komu Dr. Acheson, svo að eg geti reynt að hafa áhrif á gang málsins í gegnum State Department ef illa skyldi horfa í viðræðum við Dr. A. Þess skal að lokum getið, að State Department kannaðist ekki við, að Acheson hefði gjört ennþá nokkur kaup í Svíþjóð og Noregi þrátt fyrir blaðaummæli þar að lútandi. Annars sagði Mr. Morgan, að það væri erfiðast við þessi viðskipti, að það væru svo margir aðilar innan stjórnar U.S.A. og Bretlands, sem ættu að fjalla um þau, og væri því stundum svo, að einn aðilinn vissi ekki hvað hinn gerði.

United Nations:

Það gleður mig að Norðurlönd hafa loksins séð sóma sinn í því að bjóða utanríkisráðherra Íslands að vera með í ráðum um framkomu Norðurlandanna á Assembly S.P., og er það sjálfsagt, að þú mætir á fundinum í Kaupmannahöfn 27. og 28. ágúst. Þú spyrð mig hvort eg vilji koma að nokkrum skoðunum

varðandi málin, sem koma upp á þingi S. P. Þessi atriði er helzt athugunarverð:

1. Kosning forseta þingsins: Eg tel ekki að Norðurlönd hafi neina möguleika til að fá forseta kosinn úr sínum hópi, og fyndist mér æskilegast, að við kysum annaðhvort Spaak, ef hann mætir, eða Pearson frá Canada ef þess er kostur.
2. Nefndarformenn: Nefndirnar eru 6, og tel eg sennilegt, að Norðurlöndin gætu fengið kosinn formann í eina nefndina. Svo var á Palestínu ráðstefnunni, er fulltrúi Svía, Eriksson sendiherra, var kosinn formaður einnar nefndarinnar.
3. Eru það nokkur sérstök mál, sem Island eða öll Norðurlöndin sameiginlega óska að fá tekin á dagskrá?
4. Spánn: Þetta mál kemur upp að nýju, og tel eg sem fyrr, að þýðingarlaust sé að samþykkja "economic sanctions" nema að allar þjóðir lofi að fara eftir því.
5. Indverjar í Suður-Afríku: Þar tel eg, að við eigum að fylgja mannúðarhliðinni, eftir því sem málið kann að liggja fyrir.
6. Palestína: Þetta verður eitt versta viðfangs-efnið því að vitað er, að rannsóknarnefndin er klofin. Meiri hlutinn mun mæla með skiptingu landsins í tvö ríki, og sýnist mér það vera skynsamlegasta lausnin, enda þótt Arabar hóti styrjöld ef taka á frá þeim eitthvað af landi því, sem þeir telja sig eina eiga.
7. Veto: Breyting á því er óframkvæmanleg, þar sem stórveldin sjálf hafa veto um nokkrar breytingar og vitað er, að Rússar sleppa aldrei þessum rétti.
8. Kosning 3ja þjóða í Security Council: Astralía, Brazílía og Pólland eiga að ganga út. Líklega er útilokað, að Norðurlöndin komist þar að. Brezku samveldislöndin munu heimta sæti Astralíu, Suður-Ameríka heimtar sæti Brazílíu, og rússnesku leppríkin sæti Póllands.

9. Trusteeship Council: Þar á að bæta við tveimur, og ekki ósennilegt að Danmörk óski að komast inn vegna Grænlands.

10. Security Council: Þar á að kjósa 6, og á Noregur að ganga út. Norðurlöndin eiga því ráð á þessu sæti, og býst eg við, að bæði Svíþjóð og Danmörk hafi ágirnd á því. Ekki veit eg hvort við höfum nokkurn mann, er við mundum óska sterklega að koma þar að.

11. Ymsar nefndarkosningar innan United Nations: Þar gæti komið til mála, að Island kæmi einhverstaðar manni að.

Út af öllum þessum kosningum tel eg að vel færi á því, að Norðurlöndunum yrði sagt, að ef Island eigi að hafa samvinnu við þau innan S. P., þá sé það fyrsta skilyrðið, að við höfum jafnan rétt við þau um val okkar manna í ráðum og nefndum, hvernær sem við óskum þess. Það verður því að vera regla, að öll störf og stöður sé skipt jafnt í fjóra hluta. Um heildar afstöðu okkar er það skoðun mín, að við viljum forðast að vera álitnir tilheyrta ákveðinni blokk, og að það sé ljóst, að afstaða okkar í einstökum stórmálum geti, vegna legu landsins og sérstakra hagsmuna, verið önnur en hinna Norðurlandanna. Einkum getur þetta orðið ljóst í ágreiningsmálum milli Bandaríkjanna og Rússa.

Eg minnst á þetta allt vegna fyrirspurnar þinnar, en ekki vegna þess, að eg haldi að þér sé ekki fullkomlega ljóst hvernig landið liggur, og hver afstaða okkar hljóti að verða. Eg vona að þú sendir mér skýrslu um það, sem fram fer á fundinum, svo að einnig eg viti hvernig haga á málum á þinginu. Það er annars bráðnauðsynlegt að fara að tilkynna hverjir verða fulltrúar okkar, því að annars verður erfitt að útvega flugfar og hótélherbergi í New York. Um þetta símaði eg þér í dag.

Mér væri einnig mjög kærkomið að fá strax að vita hvernig þið hafið gjört upp reikningana vegna þátttöku í þingi S. P. s.l. vetur, þar sem eg þarf að gjöra upp mína reikninga

bæði fyrir þann fund og einnig fyrir Palestínu þingið. Eg tel það mjög eðlilegt, eins og þú minntist á í vetur, að hver fulltrúi fái ákveðna upphæð á dag, og geti hann þá sjálfur ráðið hverju hann vill eyða í hótél og annað.

Svart er með síldina, en maður verður að vona fram í rauðan dauðann. Eg mun senda þetta bréf til Reykjavíkur í von um að það nái þér þar, en einnig samrit þess til Kaupmannahafnar.

Vone að þú hafir áhæð af K-hafnarformni.
Gangi þér allt að öskun,

þinn einl.

Thor Thors'

Mayfair Hotel
London SW1

Kari Kristin,

Við erum að
legja samninga um leit
arsinnar. Þú dug
þínu þann vettúll á
tveim fundum með
mánum frá Ministry
of Food utaf
þessu þyngtum þess
og gildumföli.
Þann undirtekta mig
daufar eris og við
byggumst við. Þessu
fundir verða á mánu

Þú og er ástund
af frent að segja
nokkuð um endanlegar
horfur.

Þú sendi þér
inklippur úr D-Express
í dag varstandi Hlands-
tu þessatt máttu og
vertist mér ^{vinur Lybky's} ~~þú~~ vera
heldur áttur.

Þú taladri úr Peter
bróður í gar. Vertist
mér að horfur væru
samilegar eftir áttunum
~~um~~ ^{um} niðurstöður sam-
lingaamtalananna. Peter
segdist myndu fara frá Prag
nasta miðviku.

Með bestu kveðjum
þeim bróður
þú



THE FOREIGN SERVICE
OF THE
UNITED STATES OF AMERICA

Berlin, August 27, 1947.

My dear Mr. Minister:

This momentary stop in Berlin while I am awaiting replies to some cables to Washington gives me the opportunity to thank you for your hospitality and for the opportunity to meet your colleagues at the most enjoyable cocktail party.

I hope that salmon has not weighed too heavily on the consciences of the Messieurs Thors. We hope in the near future to return to Iceland and establish once and for all the fact that there is such a thing as salmon in your delightful country.

Again, Sir, may I thank you for your careful consideration of our suggestions and for the generosity of your hospitality.

Sincerely yours,

A handwritten signature in dark ink, appearing to read "E. Acheson", with a long horizontal line extending to the right.

Edward Campion Acheson,
Special Representative of the
President of the United States.

His Excellency

Bjarni Benediktsson,

Minister of Foreign Affairs of
Iceland.

23. september 1947.

Æri vinur,

Ég þakka þér bréf og annað gamalt og gott.

Frásögn frá Kaupmannahafnarfundinum samdi ég og lét taka niður í skýrsluformi. Þú átt að hafa fengið eitt eintak hennar og eiga þar að hafa komið fram öll höfuðatriði þess, sem um var talað.

Um afstöðu í einstökum málum á aðalþinginu er ekki mikið að segja umfram það, sem fram kemur í Kaupmannahafnar-skýrslunni og okkur Ólafi talaðist til um. Í flestum tilfellum verður að ákveða afstöðuna eftir því sem málin bera að höndum á aðalþinginu. Ef sérstök vandamál ber að höndum er rétt að þið símið heim og hafið samráð við okkur hér.

Í þeim miklu átökum, sem eru að hefjast, virðist ljóst, að við eftir föngum förum bil beggja, þ.e.a.s. skipum okkur þar í sveit þeirra sem sáttarorð bera á milli. Sum atriði, eins og til dæmis synjun nágranna Grikkja um að leyfa rannsóknarnefnd Bandalagsins að vinna störf sín innan endimarka þeirra, eru þó slík, að ómögulegt er annað en taka þar fasta og ákvena afstöðu. Í öllu þessu verður meginstefna okkar að vera sú sem glögglega hefir komið fram í mörgum samtölum okkar, og treysti ég ykkur fyllilega til að finna hina réttu leið hverju sinni.

Um dr. Acheson er það að segja, að hann kom hingað fyrir röskri viku og dvaldi yfir eina helgi. Aðalefni tilboðs nú var að gefa okkur kost á 40% greiðslu út í hönd. Hitt áttun

Herra sendiherra Thor Thors,

Sendiráð Íslands,

Washington.

við að eiga hjá Þjóðverum um a.m.k. þriggja ára bíl án nokkurrar ábyrgðar Breta eða Bandaríkjamanna.

